

STOFNANASAMNINGUR Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Sálfræðingafélags Íslands

1. Inngangur

Stofnanasamningur þessi er gerður milli Sálfræðingafélags Íslands (SÍ) og Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi f.h. ríkissjóðs annars vegar og Sálfræðingafélagi Íslands hins vegar.

2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra félagsmanna í Sálfræðingafélagi Íslands sem starfa við HSA og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

3. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að launakerfið taki mið af skipuriti stofnunar
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi
- launakerfið stuðli að launajafnrétti kynjanna og gætt sé jafnræðis við ákvörðun launa

4. Starfaflokkun og röðun starfa

- Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni, skyldur og ábyrgð sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits HSA eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins.
- Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram réttindi til að starfa sem sálfræðingur í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokka (lfl.) sem hér segir:
 - Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur.
 - Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.
 - Doktorsgráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.

Starfaflokkun og röðun:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl.</u>
• Sálfræðingur 1	lfl. 11
• Sálfræðingur 2	lfl. 12
• Sálfræðingur 3	lfl. 13
• Sálfræðingur 4	lfl. 14
• Yfirsálfræðingur	lfl. 18

Sálfræðingur 1: Sálfræðingur á fyrsta starfsári í faggreininni. Vinnur almenn sálfræðistörf, sálfræðimat og ráðgjöf undir leiðsögn reyndari sálfræðings. Vinnur samkvæmt skipulagi stofnunar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.

Sálfræðingur 2: Sálfræðingur eftir a.m.k. eitt ár í starfi á stofnuninni eða í faggreininni. Vinnur sjálfstætt við sálfræðiathuganir, mat og ráðgjöf samkvæmt skipulagi stofnunar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.

Sálfræðingur 3: Sinnir sama starfi og sálfræðingur 2. Hefur a.m.k. fjögurra ára starfsreynslu í faggreininni eða hefur verið falin umsjón með afmörkuðum verkþáttum af yfirmanni.

Sálfræðingur 4: Sálfræðingur sem hefur verið falin yfirumsjón með umfangsmiklum verkefnum, með ábyrgð á skipulagi og þróun sálfræðiþjónustu. Hann getur haft handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum. Hann getur stýrt þjónustupætti í starfi sálfræðinga. Hann hefur stefnumótandi áhrif á starf deildarinnar.

Yfirsálfræðingur: Hann er faglegur yfirmaður sálfræðinga hjá HSA, hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á uppbyggingu sálfræðiþjónustu og geðheilsuteymi hjá stofnuninni. Hann hefur rekstrarlega ábyrgð á starfi sviðsins. Hann hefur handleiðslu annarra meðferðaraðila með höndum.

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sem þrep í launatöflu. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækkunar.

a) Viðbótamenntun

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi.

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 2 álagsþrep.
- Meistaragráða (90-120 einingar) = 4 álagsþrep.
- Doktorsgráða (180 einingar) = 6 álagsþrep.

b) Sérfræðiviðurkenning og áfangar að henni

- 1 áfangi 1 þrep
- 2 áfangi 1 þrep
- 3 áfangi 1 þrep
- Sérfræðileyfi 2 þrep

Ofangreindir áfangar eru skilgreindir eftirfarandi:

1. áfangi 100 fræðslustundir, 20 handleiðslutímar eða 20 ECTS einingar
2. áfangi 200 fræðslustundir, 40 handleiðslutímar eða 40 ECTS einingar
3. áfangi 300 fræðslustundir, 60 handleiðslutímar eða 60 ECTS einingar

Sérfræðileyfi frá Landlæknisembætti, að hámarki 5 þrep fyrir sérfræðileyfi

c) Starfsreynsla sem sálfræðingur

- Eftir 3 ár í starfi hjá HSA 1 þrep
- Eftir 7 ár í starfi hjá HSA 1 þrep
- Eftir 12 ár í starfi hjá HSA 1 þrep

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan HSA

Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási: Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 5.a, b eða c umfram 8 álagsþrep, færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan. Dæmi: ef 10.9 verður 11.7

6. Tímabundin verkefni

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að tvö álagsþrep ef starf hans uppfyllir neðangreindar forsendur, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun eða greitt fyrir með öðrum hætti. Skilyrði er að verkefnið sé skilgreint í verkefnalýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af yfirsálfræðingi/forstjóra. Slík verkefni skulu hafa upphaf og lokatíma þó ekki styttri en 3 mánuði og ekki lengri en 24 mánuði í senn.

- Umsjón með og ber ábyrgð á námskeiðahaldi í ákveðnum málaflokki.
- Umsjón og ábyrgð á innleiðingu nýrrar tækni, aðferða eða meðferðarúrræða.
- Ábyrgð á að þróa, uppfæra og innleiða verkferla.
- Starfsmaður stýrir föstu og reglulegu samstarfi / teymisvinnu innan HSA og/eða með stofnunum utan HSA.
- Tekur þátt í tímabundnu verkefni á vegum stofnunar að beiðni framkvæmdastjórnar.

7. Réttur til handleiðslu

Sálfræðingar 3 og 4 sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands skulu eiga rétt á allt að átta handleiðslutímum á ári utan stofnunar.

8. Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningsmál koma upp vegna röðunar starfsmanna í launaflokka samkvæmt samningi þessum skal ágreiningi vísað til til samstarfsnefndar HSA og SÍ.

9. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 01.01.2021.

Við gildistöku stofnanasamnings þessa falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar sem í gildi eru á milli Sálfræðingafélags Íslands og HSA.

Egilsstaðir 22.12.2020

F.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

F.h. Sálfræðingafélags Íslands

Fylgiskjal I

Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun.

Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun launaröðunar vegna viðbótarnáms eða starfsreynslu og skal beiðni þar að lútandi skilað skriflega til næsta yfirmanns. Eftirfarandi reglur varðandi slíkt endurmat skulu hafðar til viðmiðunar:

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi gögn:

- a) Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- b) Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- c) Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d) Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

Hækkun vegna námskeiða/viðbótarnáms/starfsreynslu tekur gildi um næstu mánaðarmót eftir að gögnum er skilað inn. Dæmi: námi skilað inn 14. sept. og er það metið frá og með 01.október.

Undirritunarsíða

Emil Sigurjónsson

Svava I Sveinbjörnsdóttir

Nína Hrönn Gunnarsdóttir

Þórey Þormar

Sigurlín Hrund Kjartansdóttir

Anna María Frímansdóttir